



Leiðbeiningar

# Álagningaseðill einstaklinga 2020

Álagningar- og innheimtuseðlar  
eru aðgengilegir á þjónustuvefnum  
**skattur.is**



skatturinn@skatturinn.is



442 1000

Upplýsingaver opið:  
Mán.-fim. 9:00-15:30  
Fös. 9:00-14:00



## Greiðsla inneigna og innheimta skulda

Inneign er greidd út 29. maí en athugið að barnabótum er skipt í tvær greiðslur.

Fjárhæðin sem birtist efst er heildarniðurstaða álagningarinnar, en skoða þarf línuna „til greiðslu/inneign“ til á sjá uppgjör hvers gjaldaga fyrir sig. Fjárhæðum sumra gjalda er skipt niður á fleiri gjalddaga til greiðslu. Sumir gætu því þurft að greiða á síðari gjalddögum þrátt fyrir að hafa fengið inneign greidda út 29. maí.

**Skuldum í tekjuskatti og útsvari** er sjálfkrafa dreift á 7 gjalddaga. Heimilt er að semja um að dreifa greiðslum á lengra tímabil með því að semja um greiðsluáætlun eða greiða skuldina upp á styttri tíma.

**Innheimta skulda** fer í flestum tilvikum fram í gegnum launagreiðendur, sem eiga að draga viðeigandi fjárhæð af launum.

**Sjálfstætt starfandi einstaklingar** og þeir sem ekki eru í vinnu fá sendan greiðsluseðil og kröfu í heimabanka.

**Inneignum** ber að skuldajafna við gjaldfallnar kröfur á þig. Vakin er athygli á að skulda-jöfnunarheimild er á milli samskattaðra maka varðandi þing- og sveitarsjóðsgjöld. Sérstökum barnabótaauka er ekki skuldajafnað né heldur barnabótum nema upp í ofgreiddar barnabætur.

## Að skoða útreikninga og forsendur

Mögulegt er að smella á hverja línu fyrir sig til að opna upplýsingaspjald þar sem dregið er fram hvernig viðkomandi niðurstaða er fengin.

## Þegar niðurstöður álagningar eru opnaðar stendur efst hvort þú átt skuld eða inneign. Skuldir eru einkenndar með **rauðum** lit og mínus merki en inneignir með **grænum** lit.

Niðurstaða álagningar 2020	1. jún.	1. júl.	1. ágú.	1. sep.	1. okt.	1. nóv.	1. des.	Samtals
Tekjuskattur og útsvar	14.248							14.248
Vaxtabætur	0							0
Útvarpsgjald	-5.834	-5.833	-5.833					-17.500
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra	-11.454							-11.454
Slysatrygging við heimilisstörf	-550							-550
Til greiðslu/Inneign	-3.590	-5.833	-5.833	0	0	0	0	-15.256
<b>Samtals</b>								<b>-15.256</b>

## Tekjuskattur og útsvar

Sé smellt á tekjuskatt og útsvar má sjá hvernig tekjuskattur er reiknaður út frá uppgjöfum tekjum í skattframtali þínu.

Þá má sjá hversu hátt útsvar þú greiðir til þíns sveitarfélags.

Sá skattur sem staðgreiddur var hjá þínum launagreiðanda yfir árið er dreginn frá útreiknuðum tekjuskatti og útsvari.

Sé einhver mismunur er hann greiddur út sem inneign eða innheimtur sem skuld við álagningu. Skuld getur t.d. myndast ef útsvar í þínu sveitarfélagi er hærra en meðaltalsútsvar sem miðað er við í staðgreiðslu, og eins ef persónuafsláttur hefur verið ofnýttur.

Sambærilegar upplýsingar má fá vegna allra skatta og gjalda sem lögð eru á í álagningu.

Tekjuskattur og útsvar	
Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars er 7.800.000 kr.	
<b>Tekjuskattur til ríkisins</b>	
Reiknaður tekjuskattur, þrep 1 (skattstofn 7.800.000 x 22,50%)	1.755.000
Frádrægn persónuafsláttur	-677.358
<b>Álagður tekjuskattur</b>	<b>1.077.642</b>
<b>Sveitarfélag</b>	
Álagt útsvar sjá sundurlíðun	1.132.560
Persónuafsláttur til greiðslu útsvars	0
<b>Ákvarðað útsvar til innheimtu</b>	<b>1.132.560</b>
<b>Uppgjör tekjuskatts og útsvars</b>	
Tekjuskattur og útsvar (1.077.642 + 1.132.560)	2.210.202
Greitt samkvæmt staðgreiðsluskrá sjá sundurlíðun	-2.231.310
<b>Niðurstaða samtals</b>	<b>-21.108</b>
<b>Álag</b>	
Álag	-528
Inneign staðgreiðslu og álagi skuldajafnað til maka	7.388
<b>Tekjuskattur og útsvar samtals</b>	<b>-14.248</b>

## Barnabætur og sérstakur barnabótaauki 2020

Sé smellt á upplýsingaspjald barnabóta má sjá útfrá hvaða forsendum er reiknað og hver áhrif tekna eru á útreikninginn.

Nýtt í álagningu 2020 er sérstakur barnabótaauki, sem er annars vegar 42.000 kr. samtals með hverju barni í þeim tilvikum þar sem greiddar eru tekju-tengdar barnabætur til framfærenda og hins vegar 30.000 kr. samtals með hverju barni þeirra framfærenda sem ekki fá greiddar barnabætur vegna tekjuskerðingar ákvæða.

**Sérstakur barnabótaauki samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til skattskyldra tekna og leiðir ekki til skerðingar annarra greiðslna.**

Barnabætur	
<b>Skerðingarmörk</b>	
Tekjustofn sjá sundurlíðun	20.019.275
Skerðingarmörk vegna barnabóta	-7.200.000
alagningarsedill.sundurlidanir.barnabætur.skerdingarmork2	-11.000.000
Stofn til skerðingar	12.819.275
<b>Útreikningur barnabóta</b>	
Almennar barnabætur fyrir 2 börn	513.700
Skerðing vegna tekna (6,00% af 3.800.000)	228.000
Skerðing vegna tekna (7,50% af 9.019.275)	285.700
<b>Barnabætur samtals</b>	<b>0</b>
<b>Uppgjör barnabóta</b>	
Frádrægnar fyrirframgreiddar barnabætur	0
<b>Barnabætur í álagningu</b>	<b>0</b>
<b>Sérstakur barnabótaauki</b>	
Sérstakur barnabótaauki fyrir 2 börn	0
<b>Sérstakur barnabótaauki í álagningu</b>	<b>0</b>

## Skipting skattgreiðslna milli ríkis og sveitarfélags

Á síðunni má sjá á myndrænan hátt hvernig skattar sem lagðir eru á tekjur þínar er skipt á milli ríkis og sveitarfélags.

